

Umferðaröryggi á þjóðvegum í þéttbýli. Arna Kristjánsdóttir,
Efla - apríl 2019.

Markmið verkefnisins var að skoða valda kafla á þjóðvegum landsins, sem liggja í gegnum þéttbýli og leggja mat á það hvort einstaka kaflar þarfnist úrbóta til að auka umferðaröryggi. Skoðuð var þróun umferðar sem og gögn um umferðaróhöpp og slys, sem hafa átt sér stað á viðkomandi vegkafla síðastliðin ár. Staðirnir voru bornir saman og þannig unnt að finna þá sem skáru sig úr. Þeir staðir voru skoðaðir nánar og þá höfð hliðsjón af leiðbeiningum um þjóðvegi í þéttbýli, sem gefnar voru út af Vegagerðinni árið 2010.

Alls voru 11 staðir valdir til skoðunar. Forsendur valsins voru m.a. að fleiri en 6 slys eða óhöpp hefðu orðið á tímabilinu 2008-2017 og að þjóðvegurinn sé beggja vegna þéttbýlisins. Fjórir af þessum stöðum skáru sig úr hvað varðar óhappatíðni eða að tíðni hafði hækka mikið á tímabilinu. Þetta voru Hvolsvöllur, Blönduós, Siglufjörður og Dalvík. Slys og óhöpp og staðsetning þeirra á vegaköflunum í gegnum bæina voru skoðuð nánar og gerðar nokkrar tillögur um úrbætur. Einnig er greint frá hvaða úrbætur hafa verið gerðar á undanförunum árum á þessum stöðum. Í viðauka eru upplýsingar um hina staðina 7.

Á Hvolsvelli og Blönduósi eru flest óhöpp og slys tengd vegmótum. Lækkun hraða með ýmsum aðgerðum og fækkun tenginga eru nefndar sem aðgerðir til að bæta úr þar. Dalvíkurbyggð lét vinna umferðaröryggisáætlun fyrir bæinn árið 2017 og eru nokkrar aðgerðir sem mælt var með þar þegar komnar í framkvæmd og fleiri á næstunni. Siglufjörður vann umferðaröryggisáætlun árið 2013 og nokkrar úrbætur sem þar voru lagðar til eru komnar til framkvæmda.

Í skýrslunni er bent á að mikilvægt þykir að vinna umferðaröryggisáætlun fyrir bæjarfélög, en þá er iðulega gerð aðgerðaáætlun og gefur það bæjarfélaginu góða sýn á hvaða aðgerðir ætti að hafa í forgangi og hægt að gera kostnaðaráætlanir út frá því.